RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kjartan Björnsson
Kt. 0409654599
Dags. 21.10.2026 10:50:22 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Bragi Bjarnason
Kt. 2504815359
Dags. 21.10.2026 10:54:11 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Andrés Bertelsen
Kt. 0209755049
Dags. 21.10.2026 11:16:55 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Matthías Bjarnason
Kt. 0905003330
Dags. 21.10.2026 11:38:25 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heiðrún Kristmundsdóttir
Kt. 1307922519
Dags. 21.10.2026 16:36:57 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ellý Tómasdóttir
Kt. 1706892329
Dags. 26.10.2026 12:41:28 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Kt. 2108022310
Dags. 26.10.2026 17:03:12 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Finnbogason
Kt. 1702813659
Dags. 27.10.2026 16:10:38 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Daði Geir Samúelsson
Kt. 1203942749
Dags. 21.10.2026 10:50:46 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Lárus Jónsson
Kt. 2811784079
Dags. 21.10.2026 10:56:42 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigríður Ósk Harðardóttir
Kt. 2306813849
Dags. 21.10.2026 11:25:32 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir
Kt. 1205724669
Dags. 21.10.2026 12:25:48 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Ægir Birgisson
Kt. 1202983059
Dags. 21.10.2026 16:39:04 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Marta Rut Ólafsdóttir
Kt. 2508912029
Dags. 26.10.2026 12:43:37 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Haraldur Þór Jónsson
Kt. 2705765089
Dags. 26.10.2026 17:53:35 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gestur Þór Kristjánsson
Kt. 1611724059
Dags. 27.10.2026 17:07:39 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Magnússon
Kt. 1908883559
Dags. 21.10.2026 10:51:12 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Björk Ólafsdóttir
Kt. 2310725949
Dags. 21.10.2026 11:08:58 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Bjarnason
Kt. 2501932629
Dags. 21.10.2026 11:28:16 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Eiríksson
Kt. 0609964589
Dags. 21.10.2026 20:48:19 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Kjartansson
Kt. 0211715499
Dags. 27.10.2026 11:50:36 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Berglind Erlendsdóttir
Kt. 2707882389
Dags. 27.10.2026 21:22:56 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Brynhildur Jónsdóttir
Kt. 0807692969
Dags. 21.10.2026 10:51:52 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Rósa Sif Jónsdóttir
Kt. 0206774659
Dags. 21.10.2026 11:10:21 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Linda Björk Hilmarsdóttir
Kt. 1607862219
Dags. 21.10.2026 11:28:36 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingibjörg Garðarsdóttir
Kt. 0310723289
Dags. 21.10.2026 14:39:42 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Stefanía Hákonardóttir
Kt. 2808902279
Dags. 21.10.2026 22:32:04 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Grétar Ingi Erlendsson
Kt. 2111832259
Dags. 26.10.2026 15:54:24 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingimar Guðmundsson
Kt. 2108942929
Dags. 27.10.2026 13:24:41 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

Aðalfundur Brunavarna Árnessýslu bs. haldinn í Tryggvaskála á Selfossi 29. september 2026

Dagskrá aðalfundar (haustfundur)

Aðalfundur Brunavarna Árnessýslu bs. er haldinn í Tryggvaskála á Selfossi þriðjudaginn 29. september 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Lárus Kristinn Guðmundsson, settur slökkviliðsstjóri, Hafsteinn Davíðsson, settur varaslökkviliðsstjóri, Unna Björg Ögmundsdóttir, Heiða Ösp Árnadóttir, starfsmenn Brunavarna og Torfi Ragnar Sigurðsson frá Lögmönnum Suðurlandi sitja einnig fundinn.
Í upphafi fundar óskar formaður eftir breytingu á dagskrá og að fundargerðir verði teknar fyrir sem liður 5 á fundinum. Er það samþykkt samhljóða.

1. **Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)**
   Sveinn Ægir Birgisson, formaður Brunavarna Árnessýslu bs., setur fundinn kl. 13:40 og býður fulltrúa velkomna. Lögmæti fundar er kannað og hann staðfestur. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. **Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs**
   Lárus Guðmundsson fer yfir starfsstöðvar BÁ en í dag eru þær sjö en sú áttunda er í byggingu á Borg. Starfssvæði BÁ er víðfeðmt með fjölbreytta starfsemi. Á skrá hjá brunavörnum eru 157 slökkviliðsmenn með víðtæka starfsreynslu en 32 nýliðar bættust í hópinn árið 2026. Ræðir hann um mikilvægi þess að þeir sem starfa í slökkviliðum geti unnið vel í hóp og séu tilbúnir að læra á þau tæki og tól sem unnið er með.
   Það er mikið um þjálfun og æfingar hjá slökkviliðinu. Einnig er æft með öðrum viðbragðsaðilum en það er mikilvægt því þá myndast ákveðin þekking og traust milli

viðbragðsaðila. Æft er víðs vegar um sýsluna auk þess sem farið er upp í virkjanir og þar teknar æfingar reglulega.
Aukin áhersla er á fræðslu um gróðurelda, eiturefni og rafbíla. Slökkviliðsmenn þurfa að geta farið í reykköfun með reykköfunartæki en þeirri reynslu þarf að viðhalda og er unnið markvisst að því innan slökkviliðsins að starfsmenn haldi reykköfunarréttindum.
Það er starfandi dagvakt á Selfossi frá kl. 8:00–16:00. Þessi vakt er gríðarlega mikilvæg upp á viðbragðstíma í útköllum og er styrkur fyrir alla sýsluna því hún er nánast alltaf send af stað sama hvar útkallið er í sýslunni. Dagvaktin er einnig dugleg að vera með æfingar og þeir sem eru að koma inn í afleysingar þar fá fjölbreytta þjálfun.
Lárus fer yfir tölulegar upplýsingar um verkefni eldvarnaeftirlits brunavarna seinustu 12 mánuði en verkefnin voru 2.175 fyrir utan ráðgjöf af ýmsum toga. Eldvarnarskoðanir voru 1.253, öryggis- og lokaúttektir 301 og yfirferð teikninga 288. Einnig gefa brunavarnir ýmsar umsagnir, yfirfara skipulög, sinna slökkvitækjakennslu o.fl.
Brunavarnir eru einnig að fræða og kenna og fara m.a. í leikskóla, ásamt því að fjórðu bekkingar í sýslunni eru heimsóttir í eldvarnaviku.
Starfsmenn brunavarna sjá um kennslu í samráði við HMS. Meðal þess sem þeir kenna er innbrotatækni fyrir slökkviliðsmenn, lögreglu o.fl., stjórnendanám, eldvarnareftirlitsnám, gróðureldakennsla o.fl.
Lárus fer yfir fjölda útkalla síðasta árs, þolendur í slysum voru 120 og 4 látnir. Samtals voru 213 vettvangar og 307 útköll á stöðvar. Flest útköll eru vegna umferðarslysa, þar á eftir eru eldur utan bygginga og grunur um eld.
Unnið er að útboði á dælubíl fyrir Reykholt en einnig er fyrirhugað að kaupa dælubíl í Þorlákshöfn.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Staða framkvæmda hjá BÁ (Flúðir og Borg)

Ræðir Lárus um nýjar slökkvistöðvar á Flúðum og Borg.
Flúðir. Aðeins hafa orðið tafir á byggingu á húsnæðinu en vonandi verður það komið í gagnið í kringum áramót.
Borg. Nýlega var plata steypt og er stefnt að því að húsið verði komið upp og frágengið frá verktaka um áramót.

Það þarf að móta sýn og stefnur varðandi uppbyggingu á slökkvistöðvum. Hver á að eiga þær? Eru það slökkviliðin eða sveitarfélögin sem eiga að eiga húsnæðið?

Formaður gefur orðið laust, til máls taka auk formanns Grétar Ingi Erlendsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson og Guðmundur Finnbogason.

4. Fjárhagsáætlun 2027

Hafsteinn Davíðsson fer yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2027.

Formaður gefur orðið laust til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson, Grétar Þór Erlendsson, Jón Bjarnason og Guðmundur Finnbogason.

Guðmundur Finnbogason leggur fram eftirfarandi tillögu:
Fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps leggur til að fyrsta skrefið í leiðréttingu skiptihlutfalla framlaga til BÁ sé að færa hlutfall brunabótamats í heildarkostnaði úr 70% í 60%. Þrátt fyrir þá breytingu verður hlutur íbúa í sveitarfélaginu engu að síður nánast 99 þ krónur ámann á móti 23 þ krónum þeirra tveggja sveitarfélaga sem greiða lægstu upphæð per íbúa eða ríflega fjórfaldur.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna.

Til máls taka auk formanns Bragi Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Árni Eiríksson, Guðmundur Finnbogason, Jón Bjarnason, Grétar Ingi Erlendsson og Lárus Guðmundsson.

Tillaga Guðmundar er borin undir atkvæði og felld með meirihluta atkvæða. Tveir voru samþykkir og einn sat hjá.

Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu 2027 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar

Sveinn Ægir Birgisson formaður fer yfir fundargerðir stjórnar nr. 36. frá 23. júní, nr. 37 frá 25. júní, nr. 1 frá 30. júní, nr. 2 frá 7. júlí, nr. 3 frá 8. júlí, nr. 4 frá 9. júlí, nr. 5 frá 15. júlí, 6. frá 18. ágúst, nr. 7 frá 17. september og nr. 8 frá 25. september, einnig fundargerðir aukaaðalfunda frá 14. apríl og 29. júní. Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.

Ræðir Sveinn Ægir um trúnaðarmál sem hefur verið til umræðu á fundum Brunavarna og upplýsir fundarmenn um stöðu málsins. Stjórn mun ekki tjá sig efnislega um málið að svo stöddu.

Fundarstjóri gefur orðið laust, til máls tekur auk formanns Ingimar Guðmundsson, Jón Bjarnason og Haraldur Þór Jónsson.

6. **Önnur mál.**
   Engin.

Fundi slitið kl. 15:03.

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Linda Björk Hilmarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigríður Ósk Harðardóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Matthías Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Margrét Björk Ólafsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Árni Magnússon, Sveitarfélagið Árborg
Heiðrún Kristmundsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Birgir Marteinsson, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Stefanía Hákonardóttir, Bláskógarbyggð
Guðmundur Finnbogason, Grímsnes- og Grafningshreppur
Andrés Bertelsen, Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Ingimar Guðmundsson, Hveragerðisbær
Lárus Jónsson, Hveragerðisbær
Marta Rut Ólafsdóttir, Hveragerðisbær
Birgitta Ragnarsdóttir, Hveragerðisbær
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Berglind Friðriksdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari